



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Mozart og Beethoven

17. september 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru sendir út beint í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir notendum þess í Tímaflakkinu í einn sólarhring.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í Sarpinum í tvær vikur.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Áætluð tímalengd verka:

Don Giovanni, forleikur: 6'

Píanókonsert: 25'

Egmont, forleikur: 9'

Sinfónía: 28'

Mynd á kápu: Páll Hannesson, bassi, Jóhannes Georgsson, bassi.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Mozart og Beethoven

Tónleikar í Eldborg 17. september 2015 » 19:30

Matthew Halls hljómveitarstjóri

Robert Levin einleikari

W.A. Mozart

Don Giovanni, forleikur (1787)

Andante – Allegro

W.A. Mozart

Píanókonsert nr. 23 í A-dúr (1786)

Allegro (Kadensa: Robert Levin)

Adagio

Allegro assai

Hlé

Ludwig van Beethoven

Egmont, forleikur (1810)

Sostenuto, ma non troppo – Allegro

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 8 í F-dúr (1812)

Allegro vivace e con brio

Allegretto scherzando

Tempo di Menuetto

Allegro vivace

Matthew Halls

hljómsveitarstjóri



Breski stjórnandinn Matthew Halls stundaði tónlistarnám við Oxford-háskóla og kenndi þar um fimm ára skeið. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann tók við listrænni stjórn tónlistarhópsins The King's Consort og stýrði honum á tónleikum í sölum á borð við Concertgebouw í Amsterdam, La Cité de la Musique í París og Konserthúsinu í Berlín. Halls hefur stjórnað hljómsveitar- og kórtónlist við góðan orðstír og verkefnaval hans spannar tónskáld allt frá Byrd til Brittens, frá Gesualdo til Schönbergs. Hann hefur hljóðritað fjölda hljómdiska bæði sem samballeikari og stjórnandi, m.a. fjóra sambalkonserta Bachs og tríósónötur eftir Henry Purcell, en sú útgáfa hlaut fjölda verðlauna.

Halls kom fram á Bach-hátíðinni í Oregon í Bandaríkjunum í fyrsta sinn árið 2011 og þótti standa sig með slíkri prýði að honum var boðið að taka við stjórn hátíðarinnar af hinum heimsþekktu stjórnanda Helmuth Rilling árið 2013. Þar hefur Halls stjórnað stórum kórverkum allt frá *Maríusöngvum* Monteverdis til *Upprisusinfóníu* Mahlers, auk þess að stjórna eigin endurgerð á hinni týndu *Markúsarpassíu* Bachs.

Í Evrópu hefur Halls til dæmis stjórnað Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg, m.a. á tónleikum á Salzburgar-hátíðinni 2015, Concentus Musicus Wien, Útvarps-hljómsveitinni í Frankfurt, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín og Filharmóníuhljómsveitinni í Bergen. Þá hefur hann stjórnað m.a. *Peter Grimes* eftir Britten og *Normu* eftir Bellini við Bæversku þjóðaróperuna í München og Hollensku þjóðaróperuna, auk þess að stjórna óperum á Händel-hátíðinni í Halle. Í Norður-Ameríku hefur hann stjórnað sífóníuhljómsveitunum í Cleveland, Philadelphiu, Indianapolis, Seattle og Toronto. Halls hefur þrisvar sinnum áður stjórnað Sífóníuhljómsveit Íslands, fyrst í Háskólabíói haustið 2008 (þar sem Martin Fröst lék einleik í klarínettkonsert Mozarts) en síðast í Hörpu á aðventutónleikum 2013.

Robert Levin

einleikari



Robert Levin er einn mesti tónhugsuður okkar tíma og hefur vakið athygli um allan heim fyrir innblásinn og úthugsaðan flutning sinn. Hann hefur leikið einleik með hljómsveitum m.a. í Berlín, Birmingham, Boston, Chicago, Cleveland, Los Angeles og Vínarborg, ásamt stjórnendum á borð við Bernard Haitink, Sir Neville Marriner, Seiji Ozawa og Sir Simon Rattle. Hann leikur oft á píanó frá dögum Mozarts og Beethovens, og hefur komið fram með upprunasveitunum Academy of Ancient Music, English Baroque Soloists, Orchestra of the Age of Enlightenment og Orchestre Révolutionnaire et Romantique, ásamt stjórnendum Christopher Hogwood, Sir Charles Mackerras, Sir Roger Norrington og Sir John Eliot Gardiner. Levin er einnig fastagestur á tónlistarhátíðunum í Tanglewood, Ravinia og á Mozartvikunni í Salzburg.

Levin er ekki síst frægur fyrir túlkun sína á tónlist klassíska skeiðsins og hefur hlotið ótal verðlaun fyrir flutning sinn á verkum Mozarts og Beethovens. Hann hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon, Decca, Philips, Sony Classical og ECM, meðal annars alla píanókonserterta Beethovens með Gardiner, píanókonserterta Mozarts með Hogwood, auk þess sem hann leikur *Enskar svítur* Bachs og *Veltempraða hljómborðið* á Bach-heildarsafni Hänssler-útgáfunnar, sem telur alls 172 hljómdiska.

Levin stundaði tónlistarnám hjá Louis Martin, Stefan Wolpe og Nadiu Boulanger. Eftir að hafa lokið háskólaprófi frá Harvard bauð Rudolf Serkin honum að taka við stöðu deildarforseta tónfræðadeildarinnar við Curtis Institute of Music. Hann var aðstoðarskólastjóri Fontainebleau-skólans við hlið Nadiu Boulanger frá 1979–83, prófessor við Tónlistarháskólann í Freiburg frá 1986–93 og hefur síðan gegnt stöðu prófessors við Harvard-háskólann. Útgáfur Levins af verkum Mozarts og Beethovens eru fluttar víða um heim. Hann hefur meðal annars fullgert bæði sálumessu og c-moll messu Mozarts, og Gidon Kremer hefur ásamt Vínarfilharmóníunni hljóðritað kadensur hans að fiðlukonsertum Mozarts.

W.A. Mozart

Don Giovanni, forleikur



Verk Mozarts sem hljóma á tónleikunum í kvöld samdi hann á hátindi ferils síns. *Don Giovanni* varð til árið 1787 fyrir óperuhúsið í Prag, en þar átti Mozart takmarkalausa aðdáun borgarbúa. *Don Giovanni* er byggð á alkunnri sögu um flagara sem hlýtur maklega refsingu fyrir siðlaust lífveri. Sagan hlaut fyrst leikbúning í verki spænsks munks um 1630, síðar orti franska skáldið Molière leikrit upp úr sögunni og Gluck samdi ballett um örlög flagarans. Þeir Mozart og textahöfundurinn Lorenzo da Ponte sóttu þó einkum í óperu sem hafði verið frumflutt í Fenejum nokkrum mánuðum áður en þeir sjálfir hófu störf. Óperu sína kölluðu þeir *dramma giocoso* eða gamandrama, sem var ein grein ítalskrar gamanóperu. Í slíkum verkum er dramatískur undirtónn og það á svo sannarlega við um *Don Giovanni*.

Don Giovanni er kvennabósi en allt gengur á afturfótunum hjá honum. Óperan hefst þar sem hann reynir að fleka hefðarfrúna Donnu Önnu en hún streitist á móti og hrópar á hjálp. Höfuðsmaðurinn faðir hennar kemur aðvífandi en Don Giovanni bregður sverði, stingur hann banasári og flýr af hólmi. Hann heldur uppteknum hætti en að lokum verður hrokinn honum að falli. Á gröf höfuðsmannsins hefur verið reist stytta af honum sem óvænt lifnar við og Giovanni býður höfuðsmanninum að snæða með sér kvöldverð. Styttan þekktist boðið og þar með eru örlög flagarans ráðin; undir lok óperunnar steypist hann niður í helvítisloga.

Tónlist höfuðsmannsins er dökk og ógnvænleg. Þegar hann ber á góma heyrast ómstríðir hljómar, sérkennilegir tónstigar upp og niður, auk þess sem Mozart notar dökkkan hljóm básúnunnar, hljóðfæris sem oft mátti heyra í kirkjutónlist en ekki upp úr óperugryfjum. Það er þessi tónlist sem einkennir forleikinn að óperunni, eða öllu heldur fyrri helming hans. Því næst skiptir Mozart yfir í dúr og býður upp á stuttan þátt í sönötuformi þar sem hugmyndirnar eru ýmist ljúfar og kröftugar, eins konar upphitun fyrir allar þær andstæðu tilfinningar sem í vændum eru.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveitin hefur átta sinnum áður flutt forleikinn að *Don Giovanni*, fyrst í Háskólabíói 1964 undir stjórn Igors Buketoff, en síðast undir stjórn Hannu Lintu í júní 2009. Óperan var færð upp í Íslensku óperunni árið 1988 og á vegum Óperustúdíós Austurlands árið 2003.

W.A. Mozart

Píanókonsert nr. 23 í A-dúr

Á vordögum 1781 sagði Mozart skilið við vinnuveitanda sinn, erkibiskupinn af Salzburg, og freistaði gæfunnar í Vínarborg. Nú til dags kann það að virðast léttvægt skref fyrir tónlistarmann að treysta á lausamennsku í listinni en á dögum Mozarts var það fáheyrt að tónlistarmaður gegndi ekki föstu starfi annaðhvort hjá kirkju eða aðalsfólki. Til að byrja með gekk honum flest í haginn. Hann fékk tækifæri til að semja óperur en hélt einnig stóra tónleika á eigin vegum þar sem hann flutti ný verk sín með hljómsveit og lék einleik á píanó.

Því var það að á árunum 1784–86 samdi Mozart hvern píanó-konsertinn á eftir öðrum til eigin nota við tónleikahald. Sá nr. 23 leit dagsins ljós á fyrstu dögum marsmánaðar 1786, eins konar hvíld frá hinu mikla óperuverkefni sem Mozart vann að um sama leyti: *Brúðkaupi Fígarós*. Konsertinn er sérlega ljúfur og þýður. Slíkt einkennir raunar öll tónverk Mozarts í A-dúr, einnig klarínnettconsertinn sem hljómaði á tónleikum SÍ fyrir rétttri viku. Hægur miðkafla verksins hefur þó yfir sér annan blæ. Mozart samdi fremur sjaldan í moll, og enn sjaldnar notaði hann hraðaforskriftina *Adagio*. Hér gerir hann hvort tveggja enda er einkennist tónlistin af djúpum og ljúfsárum trega.

Tónlistin á Íslandi

Jórunn Viðar lék A-dúr píanókonsert Mozarts með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1951 og hafði hann þá ekki hljómað áður hér á landi með hljómsveit. Næst lék Jón Nordal konsertinn árið 1963, og Vladimir Ashkenazy árið 1973. Konsertinn hefur alls hljómað sjö sinnum áður í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, síðast í Háskólabíói árið 1991 í flutningi kanadíska píanistans Connie Shih. Verkið hljómaði einnig á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna 1996 og þá lék Þórarinn Stefánsson einleik.

Ekki er úr vegi að skýra í stuttu máli fyrirbærið *kadensu*. Í konsertum klassíska tímans dregur hljómsevitin sig í hlé undir lok fyrsta þáttar en einleikarinn heldur áfram einn síns liðs um skeið. Í kadensum gefst sólistanum færi á sýna færni sína án þess að taka tillit til samspils við hljómsveitina, og á dögum Mozarts voru slíkir einleikskafar ávallt spunnir af fingrum fram. Þegar tónskáld 19. aldar sömdu konserta settu þau aftur á móti sínar eigin kadensur í nóturnar og með árunum komst sú regla á að flytja einnig fyrirfram tilbúnar kadensur í konsertum Mozarts og Haydns. Við það glatast sú spenna sem skapaðist þegar útkoman var með öllu ófyrirséð. Á tónleikunum í kvöld fer Robert Levin gömlu leiðina og spinnur kadensu fyrsta þáttar af fingrum fram, rétt eins og Mozart gerði á sinni tíð.

Ludwig van Beethoven

Egmont, forleikur



Ludwig van Beethoven (1770–1827) átti ekki farsælan feril sem óperutónskáld. Eina verk hans af þeirri gerð, *Leónóra/Fidelíó*, náði aldrei þeim vinsældum sem hann vonaðist eftir. Beethoven var þó mikill leikhúsmaður og samdi meðal annars tónlist við leikritin *Coriolanus* eftir H. J. von Collin og *Egmont* eftir Johann Wolfgang von Goethe. *Egmont*-forleikinn samdi hann á árunum 1809 og 1810 fyrir uppfærslu hirðleikhússins í Vínarborg. Goethes samdi leikritið 1786 og naut það mikilla vinsælda á sínum tíma enda yrkisefnið, frelsi og jafnrétti, ofarlega í hugum manna. Leikurinn gerist í Niðurlöndum á 16. öld. Hetjan Egmont greifi leiðir landa sína í uppreisn gegn spænska einveldinu en er handsamaður og honum fleygt í dýflissuna. Unnusta hans, Clärchen, reynir að bjarga honum en mistekst. Að lokum er Egmont kallaður til aftökunnar og gengur þangað hnarreistur í þeirri vissu að réttlætið muni sigra að lokum.

Forleikurinn setur stemninguna fyrir leikinn, er svipmynd af því sem í vændum er. Þungt og örлагаþrungið upphafið er í f-moll, sömu tóntegund og *Appassionata*-píanósónata Beethovens og fangelsisatriðið í *Fidelíó*. Í kjölfarið fylgir hraður kafli með stefjum sem eru þrungin eldmóði og krafti. Í niðurlaginu gefur tónlistin til kynna aftöku hetjunnar, með dramatískum andstæðum í styrk og áferð. Að lokum hljómar sigurtónlistin sem leikritinu lýkur á, og vex hratt upp í kröftugt *fortissimo*.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 8

Beethoven samdi áttundu sinfóníuna að mestu leyti sumarið 1812, þegar hann dvaldi í Teplitz og Karlsbad sér til hressingar. Hann hafði um árabíl víkkað þanþol sinfóníuformsins með lengri og kröfuharðari verkum en alla jafna tíðkuðust, en sú áttunda er stysta sinfónía hans að þeirri fyrstu undanskilinni. Hér má greina afturhvarf til gáskans og glettninnar sem einkenndi Haydn en sem minna fer fyrir í síðari verkum hins alvörugefna Beethovens. Hann var hæstánægður með nýju sinfóníuna og stjórnaði frumflutningnum sjálfur í Vínarborg 27. febrúar 1814 þrátt fyrir dvínandi heyrn. Carl Czerny, sem þá var nemandi Beethovens, lét í ljós furðu sína á því að sú áttunda hefði ekki hlotið jafn góðar viðtökur í Vínarborg og sú sjöunda. Þá á Beethoven að hafa svarað: „Það er af því sú áttunda er svo ólíkt betri!“

Áttunda sinfónían hefst með glaðværðu og þróttmiklu stefi. Atburðirnir gerast hratt og tónskáldið á það til að beina stuttum hendingunum inn á ófyrirséðar brautir. Ekki líður á löngu þar til aðalstefið villist af leið; Beethoven endurtekur sama hlóminn aftur og aftur, lætur hann deyja út í algjöra þögn áður en allt fer af stað á ný. Síðan leika fyrstu fiðlur síðara aðalstefið í „vitlausri“ tóntegund áður en þær rétta sig af með snaggaralegri módúlasjón. Hér birtist Beethoven okkur sem húmoristi í anda Haydns, hefur alla þræði í hendi sér en leyfir tónlistinni að rata á villigötur endrum og sinnum – með afbragðs árangri.

Annar kaflinn er kunnur fyrir tifandi undirleik blásaranna í upphafi, sem einkennist af allt að því metrónómískri nákvæmni. Lengi var talið að hér væri Beethoven að vitna í gamansaman kanón sem hann átti að hafa samið vorið 1812 til heiðurs Johanní Nepomuk Maelzel, þeim sem fann upp taktmælinn. Keðjusöngurinn *Til Maelzels* er fjörugt verk við bjánalegan texta („Ta ta ta ... lieber Mälzel, leben Sie wohl, sehr wohl!“), en fyrir nokkrum árum var sýnt fram á að hann væri fölsun eftir Anton nokkurn Schindler, sem var kunningi

Tónlistin á Íslandi

Áttunda sinfónía Beethovens hefur hljómað 16 sinnum í flutningi SÍ, fyrst í Austurbæjarbíói 1954 undir stjórn Olavs Kielland. Síðan hafa m.a. stjórnað sinfóníunni þeir Václav Smétacek (1958), Vladimír Ashkenazy (1972), Thomas Sanderling (1986) og Michał Dworzynski (2008). Síðast hljómaði hún í Eldborg í júní 2012 undir stjórn Hannu Lintu.

Beethovens í Vínarborg og skrifaði endurminningar um kynni sín af tónskáldinu en fór býsna frjállega með staðreyndir.

Þriðji þáttur sinfóníunnar er ekki hratt *scherzó* eins og þau sem Beethoven hafði áður samið, heldur yfirvegaður menúett. Beethoven hafði ekki samið slíkan kafla síðan í strengjakvartettinum op. 59 nr. 3, árið 1806, og þetta var jafnframt í síðasta sinn sem hann lét menúett fylgja stóru verki. Hér leikur Beethoven sér með hrynbrellur að hætti Haydns, en í tríóinu er hornið í aðalhlutverki og þá fær tónlistin alvarlegri blæ, jafnvel leyndardómsfullan.

Í lokabættinum er brandarakarlinn Beethoven aftur við stjórnvölinn. Kaflinn byrjar hratt en ofurveikt og dregur enn úr styrk eftir því sem á líður. Að lokum leysist tónlistin upp í þögn; aðeins hljómar einn og einn tónn á stangli. Þögnin er rofin af þrumandi tóni í allri hljómsveitinni, eins og Beethoven reki tunguna framan í áheyrendur áður en upphafsstefið heldur áfram, en nú leikið *fortissimo*. Þessi þrumusterki tónn hefur ýmsar afleiðingar fyrir áframhaldið og gefur Beethoven leyfi til að skauta frjállega milli óskyldra tóntegunda eins og ekkert sé. Enda þarf heila 53 takta af sterkum og afgerandi hljómunum í lokatöktunum til að fullvissa áheyrendur um að heimahöfn sé náð og að Beethoven sé hættur að spauga – um sinn.

Árni Heimir Ingólfsson

Hljómsveit á tónleikum

17. september 2015

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Bryndis Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Lin Wei
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Árnadóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Mark Reedman
Pascal La Rosa

2. FIÐLA

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Móeiður Sigurðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sigurveysndóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndis Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

PÁKUR

Frank Aarnink

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að snilld

Sala áskriftar- og Regnbogakorta stendur yfir í miðasölu Hörpu og í síma 828 5050.

Með áskrift tryggir þú öruggt sæti og ríflegan afslátt á tónleika – og ógleymanlega upplifun. Ungt fólk, 25 ára og yngri, fær 50% afslátt af miðaverði á Regnbogakort.

Kynntu þér litríka og metnaðarfulla dagskrá á sinfonia.is.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó